




# FLÓRGÓÐINN

*Meðal efnis í þessum Flórgóða:*

- Allt um menningardaga í Áslandsskóla



## MUNA

13.-17. mars  
Menningarvika

16. mars  
Sýningardagur í menningarviku

29. mars  
Árshátíð unglingsdeildar

8. apríl  
Páskaleyfi hefst

19. apríl  
Vetrarfrí

21. apríl  
Skipulagsdagur

24. apríl  
Kennsla hefst eftir páskaleyfi

24. apríl  
9. bekkur fer í ungmennabúðir

## GAMLI TÍMINN í Áslandsskóla

*Kæru nemendur/foreldrar/forráðamenn*

Enn á ný mætum við menningardögum í Áslandsskóla með tilhlökkun. Starfsfólk og nemendur leggja árlega mikla vinnu við undirbúning hátíðarinnar þar sem fjöldi forráðamanna og annarra góðra gesta nýtur afrakestursins.

Þema dagana þetta árið er *gamli tíminn*. Fjallað verður um hann með ýmsum hætti í árgöngum og deildum. Baðstofur, torfbæir, fjölskyldusamsetning, leikir, söngvar, fatnaður og leikföng eru dæmi um umfjöllunarefni þessa daga. Nemendur vinna verkefnið mánudag, þriðjudag og miðvikudag en þá er skóli frá 8:10-13:10 í öllum árgöngum. Heilsdagsskóli opnar kl. 13:10 fyrir 1.-4. bekk þá daga (sjá neðar). Fimmtudaginn 16. mars er síðan sýningardagur frá kl. 12:00-17:00 og verður kaffihús opið allan þann tíma. Hver bekkur fær nákvæmar upplýsingar frá sínum umsjónarkennara um mætingar og viðveru á menningardögum. Fimmtudaginn 16. mars opnar heilsdagsskóli kl. 8:10 og er opinn allan daginn (sjá neðar). Föstudaginn 17. mars er síðan hefðbundið skólafest að nýju.

Sýningar verða á sal skólans, stofur verða vel skreyttar og um alla ganga gefur að líta glæsileg verk nemenda.

Geysileg aðsókn er alltaf á Café Ásland, kaffihús sem nemendur í 10. bekk halda alfarið utan um. Sjá um rekstur, baka og hella uppá fyrir gesti og gangandi.

*Með skólakveðju*

### Heilsdagsskóli á menningardögum

*Opnun heilsdagsskóla á menningardögum: Mánudag, þriðjudag og miðvikudag er dvöl því að mestu skv. áætlun og pöntun hjá flestum.*

Mánudagur 13. mars frá kl. 13:10-17:00  
Þriðjudagur 14. mars frá kl. 13:10-17:00  
Miðvikudagur 15. mars frá kl. 13:10-17:00

Fimmtudagur 16. mars frá kl. 8:10-17:00

*Þeir sem vilja nýta sér viðbót á fimmtudegi þurfa að panta slíkt og greiða í síðasta lagi föstudaginn 10. mars.*

**Í ÁSLANDSSKÓLA FÖRUM VIÐ EFTIR FYRIRMÆLUM**

## 1. OG 2. BEKKUR

### *Sýningar í stofum*

Sýning á vinnu vetrarins í stofum og á gangi

Sýning á munum er tengjast tímabilinu einkum leikföng.

Sýning á afrakstri menningadaga- leikföng, líkön og myndverk unnin eftir gömlum sögum og ævintýrum

### *Atriði á sal*

#### 1. bekkur

Tískusýning

Dans


#### 2. bekkur.

2 söngatriði

Lestur á ljóðum og þulum

Sýning á gömlum leikjum

Blokkflautuspil



## 3. OG 4. BEKKUR

### *Tímaás Ísland 1850—1950*

### *Sýningar í stofum*

Veggspjöld um húsnæði, leiki, söngva, leikföng, fatnað og fjölskylduna.

Á menningardögum er nemendum skipt í 5 námshópa sem vinna að ofangreindum verkefnum.

### *Atriði á sal*

Árgangar koma saman og syngja lög sem þau hafa lært á menningardögum.



## MIDDEILD

### *Sýningar í stofum*

Stofur í miðdeild eru opnar með sýningum um landnámið, Snorra Sturluson og Jón Sigurðsson.

### *Atriði á sal*

#### 5. bekkur

Landnámið

#### 6. bekkur

Leikþáttur um Fall Snorra Sturlusonar  
Glímuatriði

#### 7. bekkur

Atriði er fjallar um Jón Sigurðsson



## UNGLINGAÐEILD

*Kaffihús: Umsjón 10. bekkur*

*Hópastarf: 9. og 8. bekkur*

Unglingaþeild verður ekki með sýningar á sal heldur verður sýning á vinnu nemenda, upplestur, söngur og dans á unglungaþeildargangi.

Tíska, afþreying og uppsetning á sýningu

Hugmyndin er að byggja baðstofu, eða a.m.k. hluta úr henni í enda unglungaþeildargangsins.

Reynt verður að líkja að mestu leyti eftir baðstofu.

Hvaða hlutverkí gegndi baðstofa, hvaða hlutir voru þar og til hvers voru þeir notaðir.

Reynt verður að fá gamla hluti að láni til að hafa á sýningardaginn.

Á sýningardaginn verður eitthvað um að vera í baðstofunni.

### *Fjölmiðlahópur*

Það sem hópurinn gerir á menningardögum undir styrki stjórn reyndra íþróttakennara er: Að gefa út blað.

Þegar blaðið er tilbúið verður það einnig sett á netið á þar til gerða síðu fyrir menningardaganna.

### *Kaffihús*

Kaffihúsaþópur verður í því eins og síðustu ár að baka og undirbúa kaffihús. Í ár er ætlunin að hafa það í anda "Gamla tímans." Í þessum hóp verður bakað, búnir til matseðlar og skraut sem notað verður á kaffihúsinu.

### *Aðstoð í yngri deild*

Þeir nemendur sem áhuga hafa á því að vinna með og aðstoða kennara í yngri deild geta valið þennan hóp.

# CAFÉ ÁSLAND 2006

Eins og undanfarin ár verður starfrækt kaffihúsið Café Ásland. Kaffihúsið verður opið frá kl. 12:00—17:00.




Allur ágóði rennur í ferðasjóð nemenda og til styrktar hjálparstarfi ABC.

- *Kleinur / jólakaka / flatkökur með hangikjöti / pönnukökur með rjóma og sykri*
- *Kaffi / djús / kakó með rjóma*

## DAGSKRÁ Á SAL 16. MARS

<i>Klukkan</i>	<i>Árgangur</i>	<i>Heimar</i>
12:30	1. bekkur	Ingólfs-, Hrafns- og Flókaheimar
13:00	2. bekkur	Óðins-, Þórs- og Baldursheimar
13:30	3. bekkur	Álfaheimar og Hulduheimar
14:00	4. bekkur	Ljósheimar og Tunglheimar
14:30	5. bekkur	Jökla-, Jarð- og Fjallheimar
15:00	6. bekkur	Hnjúka- og Tindaheimar
15:30	7. bekkur	Undra- og Dulheimar



Í ÁSLANDSSKÓLA GÖNGUM VIÐ VEL UM EIGUR OKKAR OG ANNARRA



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði  
Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
www.aslandsskoli.is  
aslandsskoli@aslandsskoli.is

[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)

**FLÓRGÓÐINN**

**Fréttablað  
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:  
**Leifur S. Garðarsson**  
skólastjóri